



GRAFÍA

Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum

KAUPTAXTI

frá og með 1. apríl 2020

Samkvæmt kjarasamningi milli
GRAFÍU – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum
og Samtaka atvinnulífsins

Samkvæmt kjarasamningi milli
GRAFÍU – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum
og SÍA/FA

Úr kjarasamningi GRAFÍU og Samtaka atvinnulífsins frá 3. maí 2019.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningurinn felur í sér sérstaka áherslu á kjarabætur til iðnaðarmanna með lægstu launin. Launahækkunar samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á kaupaxta og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Auk þess eru tekin markviss skref til styttingar vinnutíma á Íslandi og þar með aukinna lífsgæða.

Eitt meginmarkmið kjarasamningsins er að stuðla að vaxtalækkun sem gagnast heimilunum og atvinnulífinu einkar vel. Að mati samningsaðila skapar samningurinn rými fyrir vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimila og auðveldar fyrirtækjum að standa undir launahækkunum sem felast í kjarasamningnum. Þá stuðlar vaxtalækkun að lækkun húsaleigu.

Ein forsenda góðra kjara launafólks og fullrar atvinnu er samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Markmið aðila er að standa vörð um kaupmátt launa og stuðla að lágrí verðbólgu og lægri vöxtum til frambúðar.

Í samningnum felst bein tenging milli svigrúms atvinnulífsins til launabreytinga og hækkunar launa. Ákvæði um launaauka vegna framleiðniaukningar tryggir launafólki hlutdeild í ávinningi þegar landsframleiðsla á hvern íbúa eykst umfram tiltekin mörk.

Samningurinn tryggir einnig að launafólk sem tekur laun samkvæmt umsömdum launatöxtum fylgi almennri launabróun verði umtalsvert launaskrið á almennum vinnumarkaði.

Samningsaðilar vilja treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem brot á launafólki líðast ekki með því að lögfestar verði aðgerðir gegn kennitöluflakki og félagsleg-

um undirboðum sem jafnframt tryggja jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Gildistími er frá 1. apríl 2019 – 1. nóvember 2022.

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Grafíu og SA og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

2. gr.

Launabreytingar

Launahækkunar samningsins eru allar í formi krónutöluhækkana á mánaðarlaun. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf

1. apríl 2020: 18.000 kr.

1. janúar 2021: 15.750 kr.

1. janúar 2022: 17.250 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka um 2,5% á sömu dagsetningum, nema um annað hafi verið samið.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2020 94.000 kr.

Á árinu 2021 96.000 kr.

Á árinu 2022 98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.

7. gr. Samningsforsendur

Meginmarkmið kjarasamnings þessa er að stuðla að auknum kaupmætti og lægri vöxtum til frambúðar. Samningurinn hvílir á meginforsendum um að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum samkvæmt markmiðum samningsins um að hækka lægstu laun, að vextir lækki og að fullar efndir verði á yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar dags. 3. apríl 2019. Aðilar eru sammála um að samningurinn skapi skilyrði til verulegrar lækkunar vaxta.

Forsendur samningsins eru eftirfarandi:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á samningstímabilinu samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Vextir taki verulegum lækkunum fram að endurskoðun samningsins í september 2020 og haldist lágir út samningstímann.
3. Stjórnvöld standi við gefin fyrirheit samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar

Mat á forsendum

Launa- og forsendunefnd skal meta hvort eftirfarandi forsendur hafi staðist:

Í september 2020 skal nefndin meta hvort forsenda um kaupmátt launa skv. 1. lið, vextir skv. 2. lið og hvort þær stjórnvaldsákvæðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið er í yfirlýsingum ríkisstjórnar skv. 3. lið hafi staðist. Nefndin skal tilkynna fyrir lok september 2020 hvort ofangreindar forsendur hafi staðist.

Í september 2021 skal nefndin meta hvort forsenda um kaupmátt launa skv. 1.lið, vextir skv. 2. lið og hvort þær stjórnvaldsákvæðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið er í yfirlýsingum ríkisstjórnar skv. 3. lið hafi staðist. Nefndin skal tilkynna

fyrir lok september 2021 hvort ofangreindar forsendur hafi staðist.

Viðbrögð við forsendubresti

Komi til þess að launa- og forsendunefnd nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Komi til þess að forsendur kjarasamningsins bresti getur launa- og forsendunefnd tekið ákvörðun um að segja samningi þessum upp frá sama tíma, sbr. meðfylgjandi bókun um launa- og forsendunefnd.

Náist ekki samkomulag um viðbrögð við forsendubresti skal sá þeirra aðila sem vill ekki að samningurinn haldi gildi sínu tilkynna um það sem hér segir:

Vegna endurskoðunar í september 2020. Fyrir kl. 16 þann 30. september 2020 fellur samningurinn þá úr gildi þann 1. október 2020.

Vegna endurskoðunar í september 2021. Fyrir kl. 16 þann 30. september fellur samningurinn þá úr gildi þann 1. október 2021.

Breytingar á ákvæðum kjarasamnings – gildistaka 1. apríl 2020

Virkur vinnutími

Við upptöku virks vinnutíma eru 37 klst. greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf í stað 40 klst. og deilitala dagvinnutíma-kaups verður 160 í stað 173,33. Tímakaup í dagvinnu hækkar því um 8,33% eða sem nemur greiðslu fyrir kaffitíma sem færast yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma, **kaffitímar verða áfram teknir með sama fyrirkomulagi og áður, 35 mínútur á hverjum virkum degi**. Ef færri tímar eru greiddir á viku / mánuði m.v. fullt starf skal reikna hækkun þannig að dagvinnulaun fyrir 37 klst. á viku / 160 klst. á mánuði verði þau sömu og áður var greitt fyrir fleiri tíma. Þar sem starfsmaður nýtur aukagreiðslna m.v. 40 klst. á

Kauptaxti GRAFÍU frá og með 1. apríl 2020

Almenn launahækkun kr. 18.000

	Mánaðarlaun	Dagvinna Deilitala 160	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2
Sveinar				
Byrjunarlaun	411.152 kr	2569,70	4269,81	4522,67
Eftir 1 ár	423.098 kr	2644,36	4393,87	4654,08

Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaráttindi.

Iðnaðarmenn með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfinu.

Laun	443.022 kr	2768,89	4518,82	4873,24
------	------------	---------	---------	---------

Flokkstjóri/Vaktstjóri 15% álag*

Laun	509.475 kr	3184,22	5196,65	5604,23
------	------------	---------	---------	---------

*Dæmi um svein með 5 ára starfsreynslu sem er ráðinn skv. ákvæði 2.7

Iðnaðarmenn án sveinsprófs

Byrjunarlaun	372.168 kr	2326,05	3796,11	4093,85
--------------	------------	---------	---------	---------

Aðstoðarfólk

Byrjunarlaun	308.320 kr	1927,00	3144,86	3391,52
Eftir 1 ár	311.909 kr	1949,43	3181,47	3431,00
Eftir 3 ár	315.607 kr	1972,54	3219,19	3471,68
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	319.530 kr	1997,06	3259,21	3514,83

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu

Byrjunarlaun	316.260 kr	1976,63	3225,85	3478,86
Eftir 1 ár	317.487 kr	1984,29	3238,37	3492,36
Eftir 3 ár	320.090 kr	2000,56	3264,92	3520,99
Eftir 5 ár	323.999 kr	2024,99	3304,79	3563,99

Starfspjálfunarnemar

Fyrstu 6 mán. starfsbj.	307.854 kr	1924,09	3140,11	3386,39
Eftir 6 mán. starfsbj.	318.505 kr	1990,66	3248,75	3503,56

Mánaðarlaun**Dagvinna****Yfirvinna 1****Yfirvinna 2**

Deilitala 160

Vakt. 20% jafnaðarálag, tvískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	493.382 kr	3083,64	4522,67
Eftir 1 ár	507.718 kr	3173,24	4654,08

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	380.984 kr	2381,15	3492,36
Eftir 5 ár	388.799 kr	2429,99	3563,99

Vakt. 22% jafnaðarálag, þrískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	501.605 kr	3135,03	4522,67
Eftir 1 ár	516.180 kr	3226,13	4654,08

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	387.334 kr	2420,84	3492,36
Eftir 5 ár	395.279 kr	2470,49	3563,99

Vakt. 24% jafnaðarálag, tvískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	509.828 kr	3186,43	4522,67
Eftir 1 ár	524.642 kr	3279,01	4654,08

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	393.684 kr	2460,53	3492,36
Eftir 5 ár	401.759 kr	2510,99	3563,99

Vakt. 27% jafnaðarálag, þrískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	522.163 kr	3263,52	4522,67
Eftir 1 ár	537.334 kr	3358,34	4654,08

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	403.208 kr	2520,05	3492,36
Eftir 5 ár	411.479 kr	2571,74	3563,99



viku (t.d. verkfæra- eða fatagjalds) taka þær hækkun 8,33% til samræmis.

Engar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi kaffihléa í yfirvinnu, þau verða áfram greiddur tími og sé unnið í þeim greiðist tilsvarendi lengri tími sem unninn er.

Dæmi til 31.03.2020

Mánaðarlaun	Deilitala	Tímakaup
500.000	173,33	2.885 kr.

Dæmi frá 01.04.2020 með kr. 18:000 hækkun sem koma á öll laun 01.04. 2020.

Mánaðarlaun	Deilitala	Tímakaup
518.000 kr.*	160	3.238 kr.

* Öll dagvinnulaun hækka um a.m.k.kr. 18.000,- eða 112,50 pr. tíma frá 1. apríl 2020.

Breyting á yfirvinnuálagi

Yfirvinna 1

Yfirvinna 1 er greidd fyrir fyrstu fyrstu 4 klst á viku að jafnaði eða 17,33 klst á mánuði. Álag á yfirvinnu 1 verður 1,02% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Yfirvinna 2 er greidd umfram það.

Yfirvinna 2

Yfirvinna 2 greiðist fyrir alla tíma umfram 17,33 yfirvinnutíma á mánuði og á nóttunni á milli kl. 00:00-06:00. Álag á yfirvinnu 2 verður 1,10% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Mánaðarlaun	Álag	Tímakaup
518.000 kr.	1,02%	5.284 kr.
518.000 kr.	1,10%	5.698 kr.

Stytting vinnuvikunnar

Starfsmenn eiga rétt á að fram fari viðræður um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma skv. gr. 3.1.2 í kjarasamningi. Stjórnendur fyrirtækja geta einnig óskað eftir viðræðum.

Ef samkomulag verður á milli aðila vegna bættrar nýtingar vinnutíma og aukinnar framleiðni skiptist ávinningur milli starfsmanna og atvinnurekanda, hlutdeild starfsmanna felst í viðbótarstyttingu virks vinnutíma um 13 mín á dag eða 65 mín á viku.

Viðbótarstytting virks vinnutíma:

Náist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar verður virkur vinnutími 36 klst. á viku, án skerðingar mánaðarlauna (deilitala dagvinnutímakaups 156 í stað 160 með 2,56% hækkun dagvinnutímakaups).

Yfirvinna 1 greiðist áfram af fyrstu 4 klst á viku að jafnaði umfram 36 klst í dagvinnu eða 17,33 klst á mánuði.

Stéttarfélagin sem standa að þessum kjarasamningum eru tilbúin að veita aðstoð við útfærslu og vera félagsmönnum sínum innan handar við styttingu vinnuvikunnar.

Úr kjarasamningi GRAFÍU og FA/SÍA frá 21. maí 2019.

Almenn launahækkun

1. apríl 2020 18.000 kr.

Stytting á vinnutíma – 1. apríl 2020

Ný deilitala dagvinnu verður 152, í stað 156. Þannig styttist vinnuvikan um 1 klst úr 36 tímum að meðaltali í 35 tíma.

Dagvinnulaun hækka um 2,6% - mánaðarlaun óbreytt

Dæmi um 600.000 kr. laun sem hækka um 18.000 kr. 1. apríl 2020.

Mánaðarlaun	Deilitala	Tímakaup
618.000 kr.*	152	4.066 kr.

* Öll laun hækka um a.m.k. 18.000 kr. eða 118,40,- pr. tíma frá 1. apríl.

Dagvinnutímabil verður 07.00 – 18.00 (breytt úr 09.00 – 18.00 á mánudögum og 9.00 til 17.00 aðra daga)

1.4.2020 - Nýjar yfirvinnuprósentur

Yfirvinna 1: **1,00%** af mánaðarlaunum

Yfirvinna 2: **1,15%** af mánaðarlaunum

Raunveruleg stytting vinnutíma er 1 klst á viku. Réttur til 20 mínútna kaffitíma á dag er óbreytt í kjarasamningi.

Vinnudagur 7 klst að jafnaði.

Launataxtar 1. apríl 2020

	Mánaðarlaun	Dagvinna Deilitala 152	Yfirvinna 1 1,00%	Yfirvinna2 1,15%
1. flokkur byrjunarlaun	416.596 kr	2.741 kr	4.166 kr	4.791 kr
2. flokkur eftir 1 ár	444.352 kr	2.923 kr	4.444 kr	5.110 kr
3. flokkur eftir 4 ár	467.344 kr	3.075 kr	4.673 kr	5.374 kr
4. flokkur eftir 6 ár	501.991 kr	3.303 kr	5.020 kr	5.773 kr

Yfirvinna 1

Gildir um fyrstu 17,33 klst á launatímabili/mánuði að meðaltali.

Yfirvinna 2 (hærra álag)

Greiðist af vinnu umfram 169,33 á launatímabili/mánuði!

Gildir alltaf á nóttunni, frá kl. 00:00 - 06:00

Skýringar á yfirvinnu 1 og 2.

- Hjá starfsmanni í fullu starfi sem skilar 35 klst. dagvinnu á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (152 klst. m.v. meðalmánuð) er yfirvinna 1 greidd fyrstu 4 klst. á viku að jafnaði eða 17,33 klst. á mánuði m.v. meðalmánuð. Yfirvinna 2 er greidd fyrir yfirvinnu umfram það.
- Ef starfsmaður skilar ekki fullri dagvinnu vegna vinnuskipulags eða fjarvista er miðað við að yfirvinna 2 sé greidd þegar starfsmaður hefur skilað 41 klst. á viku að meðaltali á mánuði eða 169,33 klst. m.v. meðalmánuð.

- Dagvinnustundir á sérstökum frídögum, í orlofi, veikindatilvikum eða launalausum leyfi teljast þó sem hluti 35 klst. vinnuviku / 152 klst. mánaðar. Slíkar fjarvistir teljast til vinnustunda í skilningi a) liðar.
- Óunnin yfirvinna, sem t.d. er greidd vegna skerðingar á hvíldartíma og aukagreiðsla vegna vinnu í greiddum neysluhléum utan dagvinnutímabils, telst ekki með tímum sem safnast upp og veita rétt til greiðslu yfirvinnu 2.

Hækkanir launaliða

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2020 94.000 kr.



Ábendingar:

1. Félagsgjald allra félagsmanna er 1% af öllum launum á mánuði.
2. 1% iðgjald til Sjúkrasjóðs reiknast af öllum launum. (P.e. grunnlaun + yfirborgun + aukavinna).
3. Iðgjald til Fræðslusjóðs GRAFÍU er kr. 1.250 á mánuði af öllum félagsmönnum GRAFÍU í fyrirtækinu.
4. 0,25% iðgjald til Orlofsheimilásjóðs reiknast af öllum launum.
5. 1,1% iðgjald til Prenttæknisjóðs greiðist af öllum launum.
6. Iðgjald til Birtu lífeyrissjóðs. Starfsmaður greiðir 4% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og atvinnurekandi með sama hætti 11,5% .
7. Séreignarsparnaður. Mótframlag vinnuveitenda skal vera 2% gegn 2-4% framlagi starfsmanns.
8. Atvinnurekandi greiðir 0,1% endurhæfingarsjóð til Birtu lífeyrissjóðs.

Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi er síðasti dagur þess mánaðar. Eftir þann tíma skulu vangoldin iðgjöld innheimt með dráttarvöxtum frá gjalddaga.